

Mál nr. 68/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Gildissvið váttryggingar. Sjúkdómur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur aðila snúi að því hvort sjúkdómur sem M hafi greinst með falli undir þá skilgreiningu váttryggingarskilmála að vera „illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi“ og hvort M eigi þá á grundvelli þess rétt á bótum úr váttryggingunni.

M vísar til þess að samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá komi fram að nauðsynlegt hafi verið að framkvæma aðgerð á M en grunur hafi verið um dreifðan, illkynja sjúkdóm, en við myndgreiningu hafi fjórir hnútar greinst í lungum hans. Hafi uppskurður verið nauðsynlegur til að koma í veg fyrir dreifingu illkynja fruma sem hafi verið orðnar ífarandi og vaxið í lungnavef M.

Þá kemur fram að með bréfi dags. 26. mars 2021 hafi V hafnað bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu M. Afstaða V byggi á því að í 4. gr. viðeigandi skilmála komi fram þeir sjúkdómar, aðgerðir og ástand sem leitt geti til bótaréttar úr viðeigandi váttryggingu. Meðal þeirra þátta sem um ræði sé krabbamein, illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Í tilviki M verði ekki séð að einkenni þau og sjúkdómsgreiningar sem fram komi í fyrirliggjandi sjúkragögnum falli undir slíka skilgreiningu. Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þessa afstöðu. M hafi verið lagður inn á sjúkrahús vegna gruns um lungnaþembu og krabbamein og hinn 19. ágúst 2020 hafi verið framkvæmdur svokallaður fleygskurður á lungum og sýni tekið til greiningar. Niðurstöður hafi sýnt að um bólgu í lungnavef, en ekki krabbamein, hafi verið að ræða og því séu skilyrði fyrir greiðslu bóta ekki uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að vorið 2019 hafi M verið greindur með hnúta í efra blaði hægra lunga, en einnig hnút í neðra blaði sama lunga og annan minni í vinstra lunga. Því hafi verið æxli í líkama hans sem kallað hafi á uppskurð, en talið hafi verið að um krabbamein væri að ræða eða að mikil hætta væri á ferðum. M hafi því misst hálf tungu vegna æxlis sem hann telji illkynja. Eftir uppskurðinn hafi komið í ljós að ekki var um krabbamein að ræða heldur „granuloma“. Skilgreiningin á æxli sé þá sú að um kýli eða bólguhnút í líkama sé að ræða og því hafi umræddir hnútar í líkama M verið æxli í tryggingafræðilegum skilningi. Krefst M því bóta úr sjúkdómatryggingu sinni.

Álit.

Í 4. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála er að finna upptalningu þeirra sjúkdóma, aðgerða eða tilvika sem váttryggingin tekur til. Ágreiningur aðila snýst um það hvort tilvik M falli undir eftirfarandi skilgreiningu: „Krabbamein (Cancer) Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi.“ Af þessu leiðir að svo bótaskylda sé til staðar á grundvelli þessarar skilgreiningar þarf að vera sýnt fram að framangreindir eiginleikar sjúkdóms séu til staðar og sönnunarbyrði þess hvílir á tjónþola. Fyrirliggjandi er útskrift úr sjúkraskrá M en engin frekari lækisfræðileg gögn, eins og t.a.m. vottorð sérfræðilæknis um að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Af lestri á sjúkraskrá M má ráða að ekki hafi verið um krabbamein að ræða heldur hnúta og lungnaþembu. Þá verður ekki skýrlega ráðið af sjúkraskrá að einkenni þessa hafi verið stjórnlaus vöxtur og dreifing illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni er það því mat nefndarinnar að ekki hafi tekist að sýna fram á að ofangreind skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt og verður því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir